



Reykjavík, 4. febrúar 2019
R19010307
2130

Borgarráð

Samninganefnd Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins

Hjálögð drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins eru lögð fram til kynningar. Hlutverk samninganefndarinnar er að sinna viðræðum við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins. Þetta eru m.a. Landshelgigæslureitur, reitur við Þjósárgötu og eftir atvikum aðrir reitir við flugvallarsvæðið, SS-reitur við Laugarnes, Keldnaland og Keldnaholt. Í viðræðunum verði markmiðið að borgin eignist viðkomandi reiti og beri ábyrgð á þróun þeirra og skipulagi, sbr. fyrri samninga um ríkislóðir.



Dagur B. Eggerísson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins.

ERINDISBRÉF

Samninganefnd Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta úr stöðu á húsnæðismarkaði var skipaður af forsætisráðherra þann 4. desember 2018 og skilaði niðurstöðum þann 19. janúar sl. Tillögur hópsins eru í sjö meginliðum og taka m.a. til uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins innan marka Reykjavíkurborgar.

Hlutverk:

Hlutverk samninganefndarinnar er að sinna viðræðum við ríkið um uppbyggingu á lóðum í eigu ríkisins. Þetta eru m.a. Landshelgigæslureitur, reitur við Þjórsárgötu og eftir atvikum aðrir reitir við flugvallarsvæðið, SS-reitur við Laugarnes, Keldnaland og Keldnaholt.

Í viðræðunum verði markmiðið að borgin eignist viðkomandi reiti og beri ábyrgð á þróun þeirra og skipulagi, sbr. fyrri samninga um ríkislóðir. Reitunum verði forgangsraðað þannig að þeir sem fyrst geti komið til framkvæmda hafi forgang. Í samræmi við tillögur átakshóps taki samningar og í kjölfarið skipulag á reitunum mið af markmiðum um félagslega blöndun og að ákveðinn hluti íbúða verði hagkvæmar leiguíbúðir fyrir tekjulága líkt og félagslegar íbúðir sveitarfélags og almennar íbúðir skv. lögum þar um þar sem veittur yrði afsláttur af lóðaverði enda haldist íbúðir í þeirri notkun. Aðrar lóðir verði seldar á markaðsvirði, skv. nánara samkomlagi við ríkið.

Í samræmi við niðurstöður átakshóps verði skoðaðir möguleikar þess að ráðast í tilraunaverkefni með undanþágur frá reglum í skipulags- og/eða byggingarlöggjöf sem væru til þess fallnar að lækka byggingarkostnað og stytta byggingartíma. Tekið verði mið af því að hefja skipulagningu á reitunum á árinu 2019 og í tilviki Keldnaland að byggingar komi samhliða öðrum áfanga Borgarlínu, líkt og segir í tillögum átakshóps í húsnæðismálum.

Samninganefndina skipa:

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri.

Ebba Schram borgarlögmaður.

Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs skv. þörfum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samninganefnd leití ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samninganefnd starfi þar til skilgreindum verkefnum þess er lokið eða það leyst frá störfum af ábyrgðarmanni.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson